

Fundargerð 131. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 21. febrúar 2019 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Samúel Ingvason, Kristmundur Skarphéðinsson, Agnar Ólason, Þorsteinn Hjálmarsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Guðni Þór Elisson, Andrés Bjarnason og Brynjólfur Árnason.

Fjarverandi: Svanur Gunnsteinsson,
Andrés Bjarnason var boðaður á fundinn en forfallaðist á síðustu stundu.

Dagskrá:

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 130 fundargerðin undirrituð og samþykkt.
2. Staða kjaramála.

Formaður fer yfir stöðuna. Formaður segir að SA sé að semja við fjóra hópa. Iðnaðarmannafélögin hafa hitt SA 7 sinnum formlega á samningafundum og á nokkrum óformlegum fundum. Félagið er duglegt að setja samninganefndina og viðræðunefndina inn í stöðu mála.

Varaformaður hefur verið formanni innan handar á þessum fundum með SA. Síðasti fundur samninganefndar VM var í gær 20.2.2019 og var þar farið yfir nýjasta tilboð SA sem var 20.000 kr á laun undir 600.000 og 2,5% á laun eftir það. SA opnaði á hærri launahækkunir ef talað yrði um virkan vinnutíma og sveigjanlegri vinnutíma en bakkaði út úr því þegar VR, Efling, VLFG og VLFA höfnuðu þeim hugmyndum. Búið er að samþykkja það að hækka veikindi barna úr 13 ára í 16 ár vegna alvarlegra veikinda. Mesta áhersla á láglaunafólkið sem vinna á töxtum. Samninganefnd VM ákvað að gefa formanni heimild til að vísa kjaradeilunni til ríkissáttasemjara á fundinum í gær í samtarfi við önnur iðnaðarmannafélög. Umræður um skattmál mjög skiptar skoðanir um þau. Formaður minnir á það að samningar eru einnig lausir í orkugeiranum. Lagt er upp með það að VM og Rafiðnaðarsambandið vinni saman í samningaviræðum við Landsvirkjun. Formaður fór einnig yfir það að farið hefur verið í tvær vinnustaðaheimsóknir í Össur og Héðinn frá síðasta fundi.

3. Sala á Skúlagötu.

[Kaupsamningur Skúlagata](#)

Kaupsamningur lagður fram.

4. Aðalfundur dagskrá.

Formaður VM fer yfir dagskrá aðalfundur sem halda á 29. mars 2019 á Grand hótél. Formaður leggur til að sömu endurskoðendur haldi áfram. (samþykkt)

Einnig þarf að ákvarða stjórnarlaun á aðalfundi. Formaður VM leggur til tillögu að stjórnarlaun hækki eins og almennir kjarasamningar VM við SA (samþykkt),

Formaður leggur einnig fram tillögu um að borin verði saman stjórnarlaun sambærilegra félaga fyrir aðalfund 2020. (samþykkt)

[Uppstillingarnefnd](#) er kosin á tveggja ára fresti, og rætt um það hvort það eigi einnig að vera um [Kjörstjórn](#). Umræður fóru fram.

Tillaga að kjörstjórn lögð fram Halldór Arnar Guðmundsson og Benóný Harðarson sem aðalmenn og varamenn Garðar Garðarson, Vignir Eyþórsson eða Pétur Maack sem varamenn. (Samþykkt)

Uppstillingarnefnd: Ekki er búið að ræða við þá menn sem eru í uppstillingarnefnd núna um að halda áfram. Formaður leggur til að skrifstofan hafi samband við þá og leggur einnig til að stjórnarmenn láti vita ef þeir vita um aðra sem eru áhugasamir.

Lagt til að laun fyrir þessa vinnu verði helgarleiga í orlofshúsum félagsins utan orlofstímabila.

Formaður segir frá því að sviðstjóri Málmæknisviðs hjá Iðunni hafi beðið um að vera með kynningu á starfsemi Iðunnar á aðalfundi undir önnur mál. (samþykkt)

Formaður leggur til að hvorki verði veitt gullmerki né heiðursmerki á þessum aðalfundi. (Samþykkt)

Lagt til að senda auglýsingu á trúnaðarmenn um aðalfundinn til að reyna að fjölga aðalfundarfulltrúum.

5. Þakkir fyrir styrki.

Kynnt

[Hjálparstarf kirkjunnar](#)

[SÁÁ](#)

6. Önnur mál.

6.1 Stjórnarmenn skrifa undir umboð fyrir formann vegna sölu á Skúlagötu.

6.2 Lagt fram skjal sem sýnir að félagsmaður greiddi upp skuld við félagið vegna orlofssjóðar. Skuld var færð niður og samið um hana. Hann er þó enn í banni í orlossjóðnum. Lagt til að banninu verði aflétt. (samþykkt)

6.3 Kynning á orlofssjóði VM - Umræða.

6.4 Skýrsla um orlofssjóð VM - Umræða.

6.5 Íslandsmót iðn- og verkgreina skjal lagt fram. Lagt til eins og gert hefur verið áður að styrkja skóla út á landi til þessa að taka þátt. Samþykkt að styrkja þetta áfram.

6.6 Kynnt að félagið fór í Borgarholtsskóla að gefa sloppa og gaf viðurkenningar til félagsmanna VM sem fengu verðlaun á nýsveinahátíð sem Iðnaðarmannafélag Reykjavíkur stendur að.

6.7 Rætt um að félagið þyrfti að standa fast á því að sjómenn fái sinn hlut vegna dóms sem féll um makrílkvóta sem var skertur á uppsjávarskipum. Formaður fór yfir það að félagið væri að fylgjast með þessu máli og möguleiki er að til málssóknar komi ef útgerðamenn sæki bætur til ríkisins þar sem eðlilegt og sanngjarnt er að sjómenn fái sinn hlut af þeim bótum.

6.8 VM þarf að skipa í fulltrúaráð lífeyrissjóðanna. Lagt til kynningar og stjórnarmenn beðnir um að láta vita ef þeir vita um einhverja áhugasama. Listinn með þeim fulltrúum sem nú sitja í fulltrúaráðum Gildi og Birtu fyrir hönd VM.

Fundi slitið 14.40.